

Nd.

277. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 43, 30. júlí 1909 [Prentsmiðjur].

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson, Ólafur Thors, Hjeðinn Valdimarsson og Sigurður Eggerz.

1. gr.

Á eftir »bókasafn Ísafjarðarkaupstaðar« i lagagreininni skal koma: og enn fremur amtsbókasafn Færeyja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eftir gildandi lögum um prentsmiðjur og breytingum og viðaukum við þau lög er það skylda hvernar prentsmiðju á landinu að senda lögreglustjóra endurgjaldslaust nokkur eintök af hverri bók, sem út er gefin. Sendir lögreglustjóri bækurnar síðan þangað, sem lögin fyrirskipa. Til Kaupmannahafnar fara 3 eintök, til landsbókasafnsins í Reykjavík 2 eintök og amtsbókasöfnin fjögur fá sitt eintakið hvert. Hjer er farið fram á að bæta við 10. eintakinu, til amtsbókasafns Færeyinga. Prentsmiðjur og útgefendur munar það sáralitlu eða engu, hvort einu eintaki er færri eða fleira. Hinsvegar væri þetta allmikill fengur og mundi vel þegið meðal Færeyinga. Fjöldi manna þar les og skilur íslenska tungu, en íslenskur bókakostur þar lífill og ljelegur. Mundi þetta með tímanum geta orðið til þess að færa út íslenskan bókamarkað. Þess skal að endingu getið, að amtsbókasafnið í Færeyjum hefir undanfarin ár sent landsbókasafninu hjer flestar eða allar færeyskar bækur jafnóðum og út hafa komið. Full sanngirni mælir því með, að frumvarp þetta nái fram að ganga.

Frumvarpið er flutt að tilhlutun stjórnar »Gríms Kambans«, Færeyingafjelagsins í Reykjavík.